



Akraneskaupstaður

REGLUR UM RAFRÆNAR KOSNINGAR

Okkar Akranes

ONE 2301256

Akraneskaupstaður

14.02.2023

Almennt um kosningarnar

Kosningakerfið er rafrænt og er þróað af Íbúum ses. í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og Ísland.is. Kosningarnar eru ekki lögbundnar sbr. 107. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138 frá 2011.

Íbúar með lögheimili á Akranesi, eru 12 ára á árinu eða eldri, og hafa Íslykil eða rafræn skilríki, geta kosið um verkefni og þannig haft áhrif á hvað fer í framkvæmd. Um er að ræða verkefni sem skilgreind eru sem nýframkvæmdir, sjá nánar um skilyrðin hér: <https://www.akranes.is/is/okkar-akranes>.

Hver og einn getur gefið fimm tillögum atkvæði sitt, en samt ekki þeirri sömu. Vakin er athygli á því að hægt er að kjósa oftari en einu sinni og gildir síðasta val. Við nýtt val fellur fyrra val úr gildi.

Niðurstöður kosninga fela í sér endanlega ákvörðun um val verkefna.

1. Tímasetning kosninga

Upplýsingar um tímasetningu kosninga er að finna hér: <https://www.akranes.is/is/okkar-akranes>. Þar kemur fram hvenær stendur til að rafrænar kosningar um verkefnið hefjist og hvenær þeim lýkur.

2. Kjörskrá og kosningaréttur

Rétt til þátttöku í kosningunum hafa íbúar sem eru 12 ára á árinu eða eldri og eru búsettir á Akranesi á þeim degi sem kosið er. Sannreynt verður hvort kjósandi er búsettur á Akranesi og á réttum aldri samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár þegar atkvæði er greitt.

3. Kjörstaðir

Rafræn kosning fer fram á sérstökum kosningarvef sem settur verður upp í kringum verkefnið og finna má á svæði Akraneskaupstaðar hjá Betra Ísland: www.okkar-akranes.betraisland.is. Einnig verða upplýsingar um kosningarvefinn settar inn hér: <https://www.akranes.is/is/okkar-akranes>.

Hægt er að kjósa í tölvu eða snjalltæki. Sérhver kjósandi getur kosið allt að fimm sinnum, fimm tillögur.

4. Talning atkvæða og framkvæmd

Öll atkvæðin eru talin og tillögum raðað eftir fjölda atkvæða. Þær tillögur sem fá flest atkvæði og rúmast innan fjárheimildar fara í framkvæmd. Akraneskaupstaður áskilur sér rétt til að nýta og samnýta allar hugmyndir sem koma inn.



5. Fjármagni ekki úthlutað

Fjárheimildin miðast við það fjármagn sem samþykkt hefur verið til verkefnisins í fjárhagsáætlun ársins, en nánari upplýsingar um fjárhæð hverju sinni má finna hér: <https://www.akranes.is/is/okkar-akranes>. Upp getur komið sú staða að fjármagn nýtist ekki til fulls vegna uppröðunar verkefna. Ef eftir stendur fjármagn sem ekki nýtist í verkefninu skal það renna aftur í bæjarsjóð.

6. Birting niðurstaða

Niðurstöður kosninga verða birtar eins fljótt og auðið er eftir að talningu atkvæða lýkur, þó ekki fyrr en að lokinni kynningu fyrir skipulags- og umhverfisráði og bæjarstjórn.

7. Aðstoð við atkvæðagreiðslu

Hægt verður að fá aðstoð við að greiða atkvæði á opnunartíma þjónustvers Akraneskaupstaðar og Bókasafns Akraness á meðan kosningar standa yfir. Bæði í þjónustuveri og á bókasafni verður hægt að komast í tölvu til að kjósa, einnig er hægt að fá aðstoð við að kjósa í eigin snjalltæki. Starfsmenn Akraneskaupstaðar eru bundnir trúnaði.

8. Upplýsingar og fyrirspurnir

Upplýsingar og leiðbeiningar um kosningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu Akraneskaupstaðar um verkefnið sem má finna hér: <https://www.akranes.is/is/okkar-akranes>. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar í þjónustuveri Akraneskaupstaðar að Dalbraut 4 eða í síma 433-1000.

Auk þess er í boði að senda inn fyrirspurnir og ábendingar varðandi verkefnið og kosningarnar á netfangið okkarakranes@akranes.is.

9. Kjörstjórn

Kjörstjórn er skipuð þremur fulltrúum frá Akraneskaupstað. Kjörstjórn ber ábyrgð á framkvæmd kosninganna, sker úr um vafaatriði og afgreiðir þær athugasemdir er kunna að berast vegna þeirra. Kjörstjórn skipa:

- Sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs
- Kerfisstjóri
- Mannauðsstjóri

Fyrirspurnir og ábendingar varðandi framkvæmd kosninganna skulu berast á netfangið okkarakranes@akranes.is.